

STJÓRNARTÍÐINDI B 51 – 1990

22. ágúst 1990

917

Nr. 342

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Hornbanka.

1. gr.

Frá og með kl. 12.00 á hádegi 23. ágúst 1990 eru allar togveiðar bannaðar á svæði er markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°50'28 N – 21°46'26 V
2. 66°53'36 N – 20°54'13 V
3. 66°38'33 N – 21°08'26 V
4. 66°36'36 N – 21°35'47 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi frá kl. 12.00 á hádegi 23. ágúst 1990 reglugerð nr. 294, 18. júlí 1990, um bann við togveiðum á Strandagrunni og Reykjafjarðarál.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. ágúst 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristján Skarphéðinsson.

14. ágúst 1990

Nr. 343

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Ólafsvíkurkaupstað.

1. gr.

Í Ólafsvíkurkaupstað er óheimilt að vera með búfjárhald nema hjá þeim bændum sem á lögbýlum búa og hafa landbúnað fyrir aðalatvinnu. Bæjarstjórn getur þó veitt öðrum sérstök leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í reglugerð þessari.

2. gr.

Hver sem vill fá leyfi til búfjárhalds skal senda um það umsókn til bæjarstjórnar ásamt yfirlýsingu um að hann beri að öllu leyti ábyrgð á því tjóni sem gripir hans kunna að valda.

B 65

Prentsmiðjan Gutenberg hf.